



### Tölvufíkn

Dagana 17. – 22. apríl næstkomandi mun Þorsteinn Kristjánsson koma í heimsókn í Árborg og flytja nokkra fyrirlestra um tölvufíkn og tölvunotkun. Hann heimsækir alla 8. bekki í grunnskólunum en foreldrar unglínganna eru einnig velkomnir að sitja þá fyrirlestra og skorum við á foreldra að fjölmenna. Að auki verður einn fyrirlestur fyrir starfsfólk sveitarfélagsins sem er haldinn 17. apríl í Vallaskóla.



### Samstarf við Suðurland FM 96,3

Undanfarnar vikur hafa skemmtilegar en umdeildar auglýsingar fengið að óma á útvarpsstöðinni Suðurland FM 96,3. Þar hafa heyrst barna og unglíngaraddir lesa ábendingar frá forvarnarteymi Árborgar. Einnig hafa fulltrúar úr teyminu ásamt áhugasömum ungmönnum komið í viðtal hjá Valda Braga síðdegis á miðviku- og fimmtudögum þar sem umræðuefnin hafa verið af margvíslegum toga svo sem kynlíf, fíkniefni og jákvæð hugsun. Síðustu viðtölin fara í loftið um miðjan apríl.

### Ungmennni og kynlíf

Fimmtudaginn 21. mars síðastliðinn hélt kynfræðingurinn Sigríður Dögg Arnardóttir fyrirlestur fyrir ungmenni, 16 ára og eldri, í ungmennahúsinu, Pakkhúsinu, í Árborg. Umræðuefnið var kynlíf og kynhegðun og eftir fyrirlesturinn fóru fjörugar umræður í gang. Sigga Dögg, eins og hún er jafnan, kölluð var búin að halda keimlíka fyrirlestra fyrir unglínga í efstu bekkjum grunnskólanna í Árborg og foreldra þeirra í byrjun ársins.



### Taktu afstöðu

Ungmennaráð Samfés hefur undanfarna mánuði verið að undurbúa námskeið sem mun fara um allt land. Námskeiðið ber yfirskriftina "Taktu afstöðu" en þar mun ráðið vekja ungmenni til vakningar um einelti. Námskeiðið er fjörugt og fræðandi og verður námskeið haldið fyrir unglínga á Suðurlandi 10. – 11. maí næstkomandi. Fræðslan, leikir, skemmtun og allur matur er í boði ungmennaráðs Samfés. Námskeiðið er þátttakendum algerlega að kostnaðarlausu. Þó er þátttaka takmörkuð við 18 einstaklinga.

